

Nefndarálit með breytingartillögu

um frumvarp til laga um ívilnanir til nýfjárfestinga á Íslandi.

Frá meiri hluta atvinnuveganefndar.

Nefndin fjallaði um málið að nýju eftir 2. umræðu. Á fund hennar komu Ragnheiður E. Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, og Ingvar Pétur Guðbjörnsson, aðstoðarmaður ráðherra, Ingvi Már Pálsson, Margrét Sæmundsdóttir og Þórður Reynisson frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, Guðbergur Rúnarsson og Höskuldur Steinarsson frá Landssambandi fiskeldisstöðva, Árni Páll Einarsson, Stefanía Katrín Karlsdóttir og Sveinbjörn Oddsson frá Matorku ehf., Árni Ólafsson frá Menju ehf., Þórður Hilmarsson frá Íslandsstofu og Jón Ásgeir Tryggvason frá embætti ríkisskattstjóra. Nefndinni bárust umsagnir frá Byggðastofnun, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Landssambandi fiskeldisstöðva, Matorku og ríkisskattstjóra.

Við umfjöllun um málið var fjallað almennt um markmið með ívilnunum til nýfjárfestinga, forsendur fyrir veitingu þeirra og hvaða greiningar þurfi að liggja fyrir til að réttlætanlegt geti talist að veita ívilnun. Meðal markmiða frumvarpsins skv. 1. gr. er að efla samkeppnishæfni Íslands. Meiri hlutinn telur að einnig þurfi að gæta að því að veiting ívilnana raski ekki um of samkeppnisstöðu fyrirtækja sem þegar eru starfandi hér á landi. Sem dæmi má nefna ef stór framleiðandi á tótmötum fengi ívilnun og hygði á útflutning þeirrar vöru en þyrfti síðar að breyta því fyrirkomulagi og hasla sér völl á innanlandsmarkaði. Slíkt gæti stórlega raskað stöðu innlendra framleiðenda.

Í 12. gr. frumvarpsins er fjallað um mat á arðsemi fjárfestingarverkefnis. Í 2. mgr. þeirrar greinar er mælt fyrir um hlutverk þeirrar nefndar sem tekur á móti og fjallar um umsókn um ívilnun. Þar er kveðið á um að nefndin geti óskað þess að óháður sérfróður aðili leggi mat á fjárfestingarverkefni og arðsemi þess og vinni aðrar upplýsingar sem nauðsynlegt er að liggi fyrir áður en tekin er afstaða til umsóknar. Meiri hlutinn telur að þarna undir falli öflun upplýsinga um mat á áhrifum fjárfestingarverkefnis á starfsemi sem þegar er fyrir í landinu. Meiri hlutinn leggur til að við 12. gr. bætist ákvæði þess efnis að nefnd um ívilnanir skuli afla mats Byggðastofnunar á áhrifum verkefnis á byggðaþróun og mögulegum áhrifum á atvinnulíf. Það er meðal markmiða frumvarpsins að ívilnunarsamningur efli byggðaþróun, sbr. 1. gr. þess. Verði frumvarpið svo breytt að lögum yrði það hlutverk Byggðastofnunar að meta hvort viðkomandi ívilnunarsamningur kæmi til með að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Meiri hlutinn bendir á að í stefnumótandi byggðaáætlun sem var til umfjöllunar í nefndinni á 143. löggjafarþingi og var afgreidd frá þinginu er sérstakur kafli tileinkaður nýfjárfestingu í atvinnurekstri. Nefndinni barst minnisblað frá Byggðastofnun þar sem fram kemur að leggja þurfi mat á það hvaða áhrif fjárfesting samkvæmt ívilnunarsamningi hefði á nærsamfélag til framtíðar, bæði hvað varðar fjölda starfa og samsetningu þeirra. Þá þyrfti að meta áhrif á störf fyrir konur og áhrif á fjölda starfa fyrir fólk með iðnmenntun og háskólamenntun. Auk þess væri gerð spá um heildarfjölgun íbúa og áhrif fjölgunar á eftirspurn eftir þjónustu einkaaðila og hins opinbera. Þá þyrfti að skoða

heildaráhrif á viðkomandi sveitarfélag. Minnisblað Byggðastofnunar er birt sem fylgiskjal með álitum þessu og fram kemur í niðurlagi þess að hafa skuli til hliðsjónar ákvæði 4. gr. reglugerðar fyrir Byggðastofnun nr. 347/2000, en þar segir: „Byggðastofnun skal við ákvarðanir sínar gæta jafnræðis milli aðila sem eru í sambærilegri stöðu. Þess skal sérstaklega gætt að fyrirgreiðsla stofnunarinnar til fyrirtækja og einstaklinga raski sem minnst samkeppnisstöðu annarra atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni.“ Tekur meiri hlutinn undir það að við mat Byggðastofnunar á fjárfestingarsamningum skuli og horft til framangreinds og til áhrifa á viðkomandi atvinnusvæði.

Við umfjöllun um málið komu fram athugasemdir frá skattyfirvöldum sem lutu einkum að því að æskilegt væri að ívilnanir eins og frumvarpið gerir ráð fyrir féllu sem best að skattfrákvæmd. Meiri hlutinn mælist til þess að ráðuneytið og skattyfirvöld verði í samstarfi til að auðvelda skattfrákvæmd.

Aðrar breytingar sem meiri hlutinn leggur til á frumvarpinu eru eftirfarandi:

Í 1. mgr. 12. gr. er mælt fyrir um að umsækjandi skuli sýna fram á að án ívilunar verði fjárfesting ekki arðbær. Meiri hlutinn leggur til að þessi málsliður falli brott enda ekki sérstakt keppikefli að veita ívilnunar samninga undir þessum formerkjum. Hins vegar liggur það skilyrði fyrir í d-lið 5. gr. að sýna skal fram á að veiting ívilunar sé forsenda fyrir því að fjárfestingarverkefni verði að veruleika hér á landi.

Meiri hlutinn leggur einnig til að nýtt ákvæði bætist við frumvarpið í þá veru að veita skuli fyrirtæki sem nýtur ívilunar frest til að greiða virðisaukaskatt af innfluttum vörum og tækjum þar til endurgreiðsla vegna viðkomandi uppgjörstímabils samkvæmt lögum um virðisaukaskatt fer fram.

Þá er lögð til breyting á gildistökgreinininni sem miðar að því að mæla fyrir um að fjárfestingarsamningar sem falla undir reglugerð EB um almenna hópundanþágu (GBER) séu ekki háðir samþykki Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA). Beiting ákvæða þeirrar reglugerðar er ekki háð því að efni hennar sé innleitt í landsrétt heldur því að hún hafi verið tekin upp í EES-samninginn. GBER-reglugerðina þarf því ekki að innleiða eins og venjulega reglugerð en um er að ræða undanþágu frá almennum reglum um bann við ríkisstyrkjum sem íslensk stjórnvöld geta nýtt sér ef þau kjósa svo. Í reglugerðinni er kveðið á um réttindi (þ.e. undanþágur) sem stjórnvöld geta byggt á hvað varðar almenna tilkynningarskyldu til ESA. Gerðin hefur verið tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 152/2017 frá 27. júní 2014 og því er unnt að beita henni hér á landi óháð samþykki ESA.

Meiri hlutinn telur mikilvægt að tryggð verði fjárveiting til að standa undir mati og greiningu skv. 12. gr. frumvarpsins hvort sem er til handa Byggðastofnun eða nefnd skv. 11. gr. frumvarpsins.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

1. Í stað orðanna „skulu vera undanþegin tollum og vörugjöldum samkvæmt tollalögum, nr. 88/2005, og lögum um vörugjald, nr. 97/1987, með síðari breytingum“ í 5. tölul. 2. mgr. 8. gr. komi: skulu vera undanþegin tollum samkvæmt tollalögum, nr. 88/2005.
2. Við 12. gr.
 - a. 2. másl. 1. mgr. falli brott.
 - b. 2. mgr. orðist svo:

Áður en nefnd skv. 11. gr. gerir tillögu til ráðherra vegna umsóknar um ívilnun skal hún leggja mat á arðsemi fjárfestingarverkefnisins. Nefndin skal afla mats

Byggðastofnunar á byggðaðróun og áhrifum á atvinnulíf. Nefndin getur óskað þess að óháður sérfróður aðili leggi mat á fjárfestingarverkefni, arðsemi þess og áhrif og vinni aðrar upplýsingar sem er nauðsynlegt að liggja fyrir áður en tekin er afstaða til umsóknar.

3. Á eftir 17. gr. komi ný grein, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Frestur til greiðslu virðisaukaskatts.

Aðila sem nýtur ívilnunar samkvæmt lögum þessum og verktökum sem taka að sér byggingu viðkomandi fjárfestingarverkefnis skal veittur gjaldfrestur á greiðslu virðisaukaskatts af innfluttum vörum og tækjum til fjárfestingarverkefnisins þar til endurgreiðsla vegna viðkomandi uppgjörstímabils skv. 4. mgr. 25. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, fer fram.

4. Við 2. másl. 19. gr. bætist: að undanskildum fjárfestingarsamningum sem falla undir reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) um almenna hópundanþágu.

Kristján L. Möller ritar undir álit með þetta með fyrirvara. Lilja Rafney Magnúsdóttir ritar undir álit þetta með fyrirvara og hvetur stjórnvöld til að undirbúa hið fyrsta að heimildir GBER-reglugerðarinnar verði nýttar hér á landi.

Alþingi, 21. maí 2015.

Jón Gunnarsson,
form.

Haraldur Benediktsson,
frsm.

Lilja Rafney Magnúsdóttir,
með fyrirvara.

Ásmundur Friðriksson.

Kristján L. Möller,
með fyrirvara.

Páll Jóhann Pálsson.

Þorsteinn Sæmundsson.

Þórunn Egilsdóttir.

Fylgiskjal.

Byggðastofnun:

Minnisblað.

Til: Atvinnuveganefnd Alþingis

Frá: Byggðastofnun

Efni: Lög um ívilnanir til nýfjárfestinga

Frumvarp til laga um breytingar á lögum um ívilnanir til nýfjárfestinga er nú til meðferðar í atvinnuveganefnd Alþingis. Í frumvarpinu er meðal annars lagt til að áður en nefnd skv. 11. gr. gerir tillögu til ráðherra vegna umsóknar um ívilnun skuli hún leggja mat á arðsemi fjárfestingarverkefnisins. Einnig skuli nefndin afla mats Byggðastofnunar á byggðaðróun og áhrifa á atvinnulíf.

Ljóst er að flest fjárfestingarverkefni sem kunna að eiga rétt á ívilnun eru af þeirri stærðargráðu að áhrifa þeirra mun gæta, ekki aðeins á viðkomandi vinnusóknarsvæði heldur

einnig á aðliggjandi svæðum, næstu stóru þéttbýlisstöðum. Einnig á höfuðborgarsvæðinu. Við áhrifamat einstakra fjárfestingarverkefna verður því að horfa bæði til staðbundinna áhrifa og heildaráhrifa.

Byggðastofnun hefur um skeið unnið stöðumat einstakra landshluta samkvæmt svæðaskiptingu sóknaráætlana sem hafa má til hliðsjónar. Helstu þættir sem koma til skoðunar í slíku áhrifamati eru: Almenn lýsing á stöðu svæðisins. Íbúaþróun svæðis á umliðnum árum. Búferlaflutningar til og frá svæði. Aldursdreifing íbúa, kynjasamsetning og menntunarstig. Atvinnuleysi og atvinnustig. Lýsing innviða, hvaða kröfur um bætta innviði fjárfestingarverkefnið kallar á og hver samfélagsleg áhrif slíkar úrbætur hafa, til dæmis hvað varðar stækkun og/eða sameiningu vinnusóknarsvæða.

Leggja þarf mat á hvaða áhrif fjárfesting samkvæmt ívilnunar­samningi hefur á nærsamfélag til framtíðar, bæði hvað varðar fjölda starfa, bein og óbein, svo og starfasamsetningu. Hver áhrif fjárfesting hefur á störf fyrir konur. Áhrif fjárfestingar á fjölda starfa fyrir fólk með iðnmenntun og háskólamenntun. Gerð er spá um heildarfjölgun íbúa og áhrif fjölgunar á eftirspurn eftir þjónustu bæði einkaaðila og opinberra. Einnig þarf að skoða heildaráhrifin á viðkomandi sveitarfélag hvað varðar þjónustuframboð tekjur og útgjöld.

Hafa þarf í huga að í einhverjum tilvikum getur komið til fjárfestinga í orkumannvirkjum, virkjunum og flutningslínunum raforku en einnig getur verið um að ræða hafnir og vegi. Slíkar fjárfestingar hafa tímabundin störf í för með sér en tiltölulega fá framtíðarstörf og hafa því ekki varanleg áhrif á íbúafjölda.

Hvað varðar möguleg áhrif á samkeppnismarkað má hafa til hliðsjónar svohljóðandi ákvæði í lokamáls­grein 4. gr. reglugerðar um Byggðastofnun nr. 347/2000: „*Byggðastofnun skal við ákvarðanir sínar gæta jafnræðis milli aðila sem eru í sambærilegri stöðu. Þess skal sérstaklega gætt að fyrirgreiðsla stofnunarinnar til fyrirtækja og einstaklinga raski sem minnst samkeppnisaðstöðu annarra atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni.*“

Sauðárkróki 20. maí 2015

F.h. Byggðastofnunar

Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri,
Snorri Björn Sigurðsson forstöðumaður þróunarsviðs.